

HLJÓÐ & MYND

FIMMTUDAGUR 24. SEPTEMBER 2015

Kynningarblað Sjónvarpsmiðstöðin, Heimilistæki og Elko



Jón Pétur Hansson, verslunarstjóri Sjónvarpsmiðstöðvarinnar, segir OLED LG-tækið vera það besta sem hann hafi komist í tæri við. „Nú er maður algjör „raftækjanörð“, búinn að vera í þessum bransa í rúm tíu ár og það hefur aldrei komið sjónvarp sem er með eins flotta mynd, liti og aðgreiningu og LG OLED.“

MYND/GVA

Með allra flottustu tækjum

OLED er nýjasta gerð sjónvarpsskjáa sem fela í sér áður óþekkt myndgæði. LG hannar OLED-skjátæknina og er enn sem komið er eini framleiðandinn sem býður upp á heildstætt úrval af sjónvörpum með OLED-skjá. Þeir sem vilja það besta ættu að fá sér OLED.

OLED er ný kynslóð af sjónvörpum en OLED-skjárinn er bæði þynnri og léttari en hefðbundinn LED-skjár enda aðeins sex millimetrar. „OLED-sjónvörpin eru byggð þannig upp að hver einn og einasti pixill eða punktur er LED-díóða. Þar af leiðandi eru dýpri og náttúrulegri litir og aðgreining á litum og lýsingu mun meiri í LG OLED,“ segir Jón Pétur Hansson, verslunarstjóri Sjónvarpsmiðstöðvarinnar í Síðumúla 2 þar sem LG Oled 3D smart-sjónvarp fæst.

Alveg svartur litur (Perfect Black) er loksins til staðar því OLED-skjárir þurfa ekki baklýsingu eins og aðrir skjárir og því er skerpa, litaaðgreining

og litadýpt sú besta sem sést hefur. Myndgæði nýju OLED-tækjanna eru greinilega meiri en í bestu mögulegu LCD-tækjum. „Í OLED-tækjunum er myndin skýrari og litirnir betri. Það er engin LED-blæðing inn á skjáinn og fullkomin aðgreining fæst á öllum litum, svörtum og hvítum.“

Tæki með yfirburði

Jón Pétur segir tækið vera það besta sem hann hafi komist í tæri við. „Ég hef beðið lengi eftir að þessi tækni myndi færa sig yfir í sjónvörp. Nú er maður algjör „raftækjanörð“, búinn að vera í þessum bransa í rúm tíu ár og það hefur aldrei komið sjónvarp sem er með eins flotta mynd, liti og aðgreiningu og LG OLED. Auk

þess eru hljóðgæðin í því mjög góð þrátt fyrir að það sé næfurþunnt. Þetta er besta sjónvarpstæki sem hefur komið á markað að mínu og margra annarra mati og kemst ekkert tæki með tærnar þar sem OLED tækið frá LG hefur hælana.“


OLED-sjónvörp fást nú bæði í háskerpuupplausn 1920x1080 og líka í ofur háskerpu 4K upplausn, 3840x2160 punkta. „Skjár OLED-tækisins er einungis sex millimetrar á þykkt og því einfalt að hafa skjáinn boginn. Sjónsviðið er hins vegar meira eða 180° því tækið er bogið eins og auga áhorfandans. Það er algjört smekksatriði hvort fólk vill hefðbundnu tækin eða þessi bognu en þau koma í báðum útgáfum,“ útskýrir Jón Pétur.

Allir stoppa við OLED

OLED-tækið er með öllum þeim möguleikum sem bestu tækin hafa. Það er snjallsjónvarp sem búið er þrívíddartækni. Í því er margverðlaunaður vefvafri (browser) sem kallast Webos, sem er mjög hraðvirkur, einfaldur og opinn. Það nær ótrúlega góðum hljóðtón þrátt fyrir að vera mjög þunnt. Í því er innbyggður gervihnattamóttakari sem og stafrænn háskerpu-móttakari. Einnig er hægt að fá vefmyndavél fyrir sjónvarpið þannig að hægt er að nota það með Skype. Veggfestingar fást með báðum útgáfum, því beina og bogna. „Tækinu fylgir líka „Magic remote“, sérstök fjarstýring sem gerir það auðveldara að vafra á netinu og stjórna tækinu. Mikil áhersla er hjá LG að gera

allt umhverfi einfaldara, það geta allir notað tækin frá þeim. Þau er svo skilvirk að allir, ungir sem aldnir, læra fljótt á þau, það er ekkert verið að flækja hlutina. Auk alls þessa er tækið alveg gullfallett. Það er næfurþunnt því það þarf ekki þá þykkt sem önnur tæki þurfa því LED-díóðurnar taka svo lítið pláss,“ segir Jón Pétur.

Aðspurður að því hvort hinn almenni borgari sem hefur takmarkaða tæknikunnáttu átti sig á því hvað tækið sé gott segir hann svo vera. „Hver einn og einasti Palli úti í bæ tekur eftir því hvað tækið er flott og gott, það fer ekki á milli mála. Allir sem koma við hjá okkur í Sjónvarpsmiðstöðinni stoppa við OLED-tækið og taka eftir þessum einstöku myndgæðum.“




The Abyss 1989

Einkunn á IMDb 7,6/10

Köfunarteymi er fengið til að leita að týndum kjarnorkukafbát og rekst þá á ókunnugt sæskrímsli.

Leikstjóri James Cameron

Leikarar Ed Harris, Mary Elizabeth Mastrantonio, Michael Biehn, Leo Burmester



Close Encounters of the Third Kind 1977

Einkunn á IMDb 7,7/10

Sagan segir af Roy Neary, venjulegum verkamanni sem kemst í kynni við fljúgandi furðuhlut og líf hans breytist talsvert í kjölfarið.

Leikstjóri Steven Spielberg

Leikarar Richard Dreyfuss, François Truffaut, Teri Garr, Melinda Dillon



Independence Day 1996

Einkunn á IMDb 6,9/10

Geimverur ráðast á jörðina og ætla sér að eyða henni. Við illvíg og tæknivædd öfl er að etja en mannkynið er seigt og sigrar að lokum.

Leikstjóri Roland Emmerich

Leikrarar Will Smith, Bill Pullman, Jeff Goldblum, Mary McDonnell



TRON Legacy 2010

Einkunn á IMDb 6,8/10

Sonur sýndarveruleikahönnuðar leitar föður síns og endar í stafrænum heimi sem faðir hans hefur hannað.

Leikstjóri Joseph Kosinski

Leikarar Jeff Bridges, Garrett Hedlund, Olivia Wilde, Bruce Boxleitner



Star Wars 1977, 1980 og 1983

Einkunn á IMDb 8,4/10

Fyrstu þrjár myndirnar úr Star Wars-seríunni eru löngu orðnar klassískar.

Leikstjóri Richard Marquand

Leikarar Mark Hamill, Harrison Ford, Carrie Fisher, Billy Dee Williams

Kvikmyndir fyrir stóra skjái

Sumar kvikmyndir ætti aðeins að upplifa á stórum skjá með góðu hljóðkerfi. Þetta á sér í lagi við epískar myndir, ævintýramyndir, myndir sem gerast úti í geimi eða þar sem stórbrotið landslag leikur stórt hlutverk. Hér eru dæmi um nokkrar myndir sem best er að horfa á í góðum gæðum, á stórum skjá með gott hljóðkerfi til að njóta margslunginnar kvikmyndatónlistarinnar.



Aliens 1986

Einkunn á IMDb 8,4/10

Plánetan sem kom við sögu í fyrri myndinni, Alien, er nú orðin nýlenda. Sambandið við íbúana hefur rofnað og vel vopnum búð björgunarlið er sent á staðinn.

Leikstjóri James Cameron

Leikarar Sigourney Weaver, Michael Biehn, Carrie Henn, Paul Reiser



Gladiator 2000

Einkunn á IMDb 8,5/10

Þegar rómverski hershöfðinginn Maximus Decimus Meridius er sviðinn af spilltum syni keisarans og fjölskylda hans myrt, snýr hann aftur til Rómars sem skyldingapræll til að leita hefnda.

Leikstjóri Ridley Scott

Leikarar Russell Crowe, Joaquin Phoenix, Connie Nielsen, Oliver Reed



Dances with Wolves 1990

Einkunn á IMDb 8/10

Myndin segir sögu liðsforingja í Suðurríkjaher Bandaríkjanna, Johns Dunbar, sem ferðast að útmörkum byggðar og samskiptum hans við Lakota-indjánaþjóð-flokkinn.

Leikstjóri Kevin Costner

Leikarar Kevin Costner, Mary McDonnell, Graham Greene, Rodney A. Grant



Gravity 2013

Einkunn á IMDb 7,9/10

Verkfræðingur og geimfari þurfa að berjast fyrir tilveru sinni þegar geimfar þeirra eyðleggast og þau fljóta stjórnláust um geiminn.

Leikstjóri Alfonso Cuarón

Leikarar Sandra Bullock, George Clooney



What Dreams May Come 1998

Einkunn á IMDb 7/10

Maður deyr í bílslysi og leitar konu sinnar í handanheimum.

Leikstjóri Vincent Ward

Leikarar Robin Williams, Cuba Gooding Jr., Annabella Sciorra, Max von Sydow



Barry Lyndon 1975

Einkunn á IMDb 8,1/10

Myndin þýkir eitt af betri verkum Kubricks. Hún fjallar um írskan gláumgosa sem fangar hjarta ríkrar breskrar ekkju á átjándu öld.

Leikstjóri Stanley Kubrick

Leikarar Ryan O'Neal, Marisa Berenson, Patrick Magee, Hardy Krüger




Die Hard 1988

Einkunn á IMDb 8,3/10

Lögreglumaðurinn John McClane reynir að bjarga eiginkonu sinni sem er ásamt öðrum haldið sem gísl af þýska hryðjuverkamanninum Hans Gruber.

Leikstjóri John McTiernan

Leikarar Bruce Willis, Alan Rickman, Bonnie Bedelia, Reginald VelJohnson



The Big Blue 1988

Einkunn á IMDb 7,7/10

Myndin fjallar um vinskap og keppnina milli þeirra Jacques Mayol og Enzo Maiorca sem báðir voru leiðandi í frjálstri köfun á tuttugustu öldinni.

Leikstjóri Luc Besson

Leikarar Jean-Marc Barr, Jean Reno, Rosanna Arquette, Paul Shenar



Sin City 2005

Einkunn á IMDb 8,1/10

Mynd sem kannar hina dimmu og drungalegu borg Basin City. Sögd er saga þriggja persóna sem allar eru flæktar í ofbeldisfulla spillingu.

Leikstjóri Frank Miller, Robert Rodriguez

Leikarar Mickey Rourke, Clive Owen, Bruce Willis, Jessica Alba



Interstellar 2014

Einkunn á IMDb 8,7/10

Heimurinn er á barmi eyðileggingar. Hópur könnuða ferðast um ormagöng í geimnum í leit að nýjum heimkynnum fyrir mannkynið.

Leikstjóri Christopher Nolan

Leikarar Matthew McConaughey, Anne Hathaway, Jessica Chastain, Michael Caine.

Samhljómur í stofunni þinni

MAGLEHULT LED
skápaljós 2.490,-/stk.

38.200,-

BESTÅ samsetning
með fjórum veggskápum

138.900,-

UPPLEVA LED 48" snjallsjónvarp með þrívídd
5 ára ábyrgð. Orkuflokkur A+.

BESTÅ samsetning
með tveimur gler-
skápum 40.800,-

FRASERA glös
385,-/stk.

STOCKHOLM
skál 3.590,-

UPPLEVA 2.1 innbyggt hljóðkerfi
með þráðlausu bassaboxi 42.850,-
5 ára ábyrgð.

55.600,-

BESTÅ sjónvarpsbekkur

ÅDUM motta 15.950,-



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is





Hugarburður sjávarlíffræðings

Fáar teiknimyndapersónur njóta jafn mikilla vinsæla og Svampur Sveinsson. Sagan um tilurð Svamps, Péturs krossfisks og Klemma krabba er dálítið skemmtileg.

Hugmyndasmiður Svamps Sveinssonar er teiknarinn Stephen Hillenburg sem er sjávarlíffræðingur að mennt og því ljóst hvaðan hugmyndin að þáttunum er spröttin.

Hillenburg fékk hugmyndina fyrst árið 1984 en byrjaði að vinna að fyrstu þáttunum árið 1996. Fyrsti þátturinn fór síðan í loftið 1999.

Teiknimyndirnar sem fjölluðu um Svamp og félag hans í bænum Bikinibotnum voru ódýrar í framleiðslu. Enginn bjóst við miklu og því kom aðstandendum skemmtilega á óvart þegar áhorfstölur ruku upp úr öllu valdi eftir fyrstu sýningarnar.

Meira var lagt í seinni þáttaraðirnar og árið 2004 kom út kvikmynd um Svamp og vini hans. Var henni ætlað að vera lokapunktur þáttanna enda var Hillenburg

farinn að hugsa sér til hreyfings. Vegna fjölda áskorana var þó ákveðið að halda framleiðslu þáttanna áfram en þó án upphafsmannsins.

Þátturinn um Svamp hefur verið tilnefndur til 20 Annie-verðlauna og 11 Emmy-verðlauna. Hann hefur hlotið sex Annie-verðlaun og ein Emmy-verðlaun.

Skemmtilegar staðreyndir

- Svampur heitir Sponge-Bob SquarePants á ensku. Upphaflega átti hann þó að heita SpongeBoy. Þegar upp komst að skúringamoppa bar sama nafn og hafði einkaleyfi á því þurfti að breyta nafni Svamps með hraði.
- Í júlí 2009 var vaxstytta af Svampi sett upp í safni Madame Tussauds í New York. Var þetta í fyrsta sinn sem stytta gerð eftir skáldaðri persónu var var sett upp í safninu.

- Árið 2011 fundu vísindamenn nýja tegund af sveppi. Hann var nefndur í höfuðið á Svampi: Spongiforma squarepantsii.



Óskarstónar

Tónlist og hljóð leika ekki minna hlutverk í upplifuninni þegar horft er á kvikmynd. Á síðunni www.classicfm.com er að finna fróðlegan lista yfir Óskarsverðlaunatónskáld síðustu áratuga.

Híð einfalda en ógnvænlega stef úr Jaws fær hárin til að rísa á hörðustu jöxlum. Höfundurinn, John Williams fékk Óskarsverðlaun fyrir þá tónlist árið 1976. Sinn fyrsta Óskar hlaut hann hins vegar fyrir tónlistina í myndinni Fiddler on the Roof árið 1972 og átti fljótlega eftir að sanna sig svo um munaði í heimi kvikmyndatónlistar. Árið 1978 stimplaði John Williams sig rækilega inn í senuna en tónlist hans í myndinni Star Wars hlaut Óskarinn það ár. Árið 1981 laut John Williams í lægra haldi fyrir tónskáldinu Michael Gore sem hlaut Óskarinn það ár fyrir tónlistina í Fame. Williams náði sér þó aftur á strik og fór heim með Óskarinn árið 1983 þegar tónlistin í myndinni ET-the Extra Terrestrial bræddi hjörtu dómnefndarinnar. John Williams hlaut síðan ekki fimmta Óskarinn fyrr en árið 1994 fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Schindler's List en áður en það gerðist höfðu Disney-teiknimyndir rakað til sín Óskarsverðlaunum.

Óskarsprettur Disney

Tónlistin úr Litlu hafmeyjunni vann árið 1991 en hún var fyrsta teiknimynd Disney til þess að fá Óskarinn frá því tónlistin úr Gosa vann, árið 1941. Tónlistina í Gosa sömdu Leigh Harline og Paul Smith en tónskáldið sem hóf sigurför Disney-teiknimyndatónlistar er Alan Menken.

Árið 1992 vann tónlistin úr




John Williams hefur hlotið Óskarinn fyrir tónlist í kvikmyndum eins og Schindler's List og Star Wars. Mynd/NordicPhotos Getty

Beauty and the Beast, árið eftir vann tónlistin úr Aladdin allt eftir Alan Menken. John Williams skaut sér inn á milli með Schindler's List áður en næsta teiknimynd vann dómnefndina á sitt band, Lion King með tónlist Hans Zimmer. Lion King var fjórða Disney-teiknimyndin til að vinna Óskarinn á fimm árum, en þá hafði fólk fengið nóg af teiknimyndum.

Tónlistin úr stórmyndinni Titanic eftir James Horner fékk Óskarinn árið 1998. Lord of the Rings – the Fellowship of the Ring fékk Óskarinn árið 2002 en tónlistina samdi Howard Shore. Tónlistin úr hinni margverðlaunuðu mynd The Grand Budapest Hotel fékk Óskarinn 2015 en hana samdi Alexandre Desplat.

www.classicfm.com



Tónlistin úr kvikmyndinni Breakfast at Tiffany's eftir Henry Mancini hlaut Óskarinn árið 1961.




Árið 1993 hlaut tónlistin úr Aladdin Óskarinn.

Árið 1978 hlaut tónlistin úr Star Wars Óskarinn.



1995. Lion King var fjórða Disney teiknimyndin til að vinna Óskarinn á fimm árum, en þá hafði fólk fengið nóg af teiknimyndum.



Árið 1992 vann tónlistin úr teiknimyndinni Fríða og dýrið eftir Alan Menken.



Kate Winslet og Leonardo DiCaprio heilluðu áhorfendur í myndinni Titanic. James Horner fékk Óskarinn fyrir tónlistina í myndinni árið 1998.



Magnús mælir með verðlaunataekinu Philips 55PUS7600 enda öllum helstu kostum nútímatekja búið auk þess að líta vel út og vera auðvelt í notkun.

MYND/STEFÁN

Verðlaunataeki í hæsta gæðaflokki

Philips 55PUS7600 var valið „bestu kaup ársins“ 2015 af EISA. Hljóð og mynd eru eins og best gerist og allt viðmót tækisins hið þægilegasta. Sjónvarpið er fallegt og snyrtilegt auk þess að vera búið allra nýjustu tækni sem til er á markaðinum í dag.

Philips 7600 er búið öllum þeim kostum sem hágæða sjónvarp þarf að hafa. Tækið keyrir á nýju Android 5.0 stýrikerfi (Lollipop) með innbyggðan þráðlausan móttakara (WI-FI 2x2). Uppsett er Google Play Store, þannig að hægt er að setja upp ýmis smáforrit og leiki. Það styður einnig MP3, WMA og AAC sem og JPEG-ljósmyndir. Tækið er með 4K Ultra HD upplausn sem veitir alveg nýja upplifun. Sjónvarpið er með Micro Dimming Pro baklýsingu og skörpum UHD-myndgæðum og ljósnemi, sem tekur mið af birtu í herbergi, er innbyggður í það. Með Philips 7600 tækinu fylgja tvönn 3D Max gleraugu og innbyggt Clear Sound hljóðkerfi.

„Philips 7600 tækin eru afar þunn og með gríðarlega góð myndgæði. „Ambilight 3“ sem er þriggja átta baklýsing á tækinu breytir því hvernig fólk upplifir myndgæði sjónvarpsins,“ segir Magnús Möller hjá Heimilistækjum, þar sem Eisa-verðlauna Philips 7600 línan fæst.

Góður hljómburður

Magnús segir það nýjasta í þessari tækni sé „Hevc“ (þjöppun) sem spilar Ultra HD myndefni í gegnum þjónustuveitur eins og Netflix, YouTube og fleiri. „Þannig fást betri myndgæði og meiri upplausn fæst í gegnum streyminu. Í tækinu er hægt að komast í Cloud TV, Cloud Explorer og Dropbox. Einn-

ig hafa hátalararnir verið stórbættir. Premium Sound DTS gerir það að verkum að áhorfandinn heyrir hvert smáatriði. Í október kemur 8600 línan frá Philips og eru þau tæki með hátölurum sem hægt er að taka af og setja til hliðar, til dæmis á standa. Með tækinu fæst sérstakt hljóðkerfi og er gríðarlega góður hljómburður í því. Hönnuðir Philips eru greinilega mikið farnir að spá í hljóðgæðin því það hefur hingað til verið frekar lélegt hljóð í þessum þunnu tækjum almennt enda lítið pláss fyrir hátalara,“ útskýrir Magnús.

Auðlært á tækið

Fjarstýringin sem fylgir Philips Eisa-tækinu er með lyklaborði aftan á. „Fjarstýringin er radió-tengd sjónvörpunum þannig að allt önnur upplifun fæst þegar verið er að vafra á netinu. Einnig má tengja lyklaborði við tækið. Fjarstýringin er afar þægileg í notkun. Þegar ýtt er á „húsið“ á henni þá er komið inn í stýrikerfi sem auðvelt er að læra á. Fólk er fljótt að skilja hvernig kerfið virkar þegar það byrjar að nota það enda er umhverfið þægilegt og fólk sem þekkir Android á enn auðveldara með að ná tökum á því. Auk þess lærir tækið að þekkja notkun fólks. Til dæmis þegar farið er á YouTube og horft á ákveðið efni þá finnur tækið efni sem það heldur að notandinn hafi áhuga á næst



Philips-tækin eru virkilega snyrtileg og falleg. Á þeim er yfirleitt enginn eða mjög lítill rammi, tækin eru örþunn og með ambilight á þrjár hliðar sem breytir því hvernig fólk upplifir myndgæði sjónvarpsins.

þegar hann fer í það. Þannig er auðvelt að finna það sem hver og einn leitar að.“

Philips Eisa-tækin eru með tveimur stafrænum DVB-T2 tunerum sem gera það að verkum að hægt er að horfa á tvær rásir í einu í gegnum loftnet. „Auk þess hafa þau gervihnattamóttakara, alls kyns tengi og margt fleira þannig að sjá má að þetta eru gríðarlega öflug tæki,“ segir Magnús.

Fékk virtustu verðlaunin

Philips tækin eru virkilega snyrtileg og falleg. Á þeim er yfirleitt enginn eða mjög lítill

rammi, tækin eru örþunn og með ambilight á þrjár

hliðar. „Ég mæli algjörlega með nýju Philips tækjunum, enda var 7600 línan valin „bestu kaupin 2015 – 2016 í Evrópu“ af Eisa (www.eisa.eu/).“ Þetta eru virtustu verðlaunin sem hægt er að fá í raftækjabransanum. Blaðamenn sem skrifa um raftæki koma saman einu sinni á ári og velja besta tækið og eru þessi verðlaun ávísun á að tækinu muni ganga vel.“



Stóraukið úrval í ELKO af hágæða hljóð- og myndvörum

Verslanir ELKO bjóða upp á mjög gott úrval hágæða sjónvarpstækja, heyrnartóla, ferðahátalara, heimabíóa og magnara. Algengur misskilningur er að ELKO bjóði bara upp á ódýrari merki en þar má finna flest öll bestu vörumerki heims í þessum vöruflokkum.

ELKO býður nú upp á meira úrval af hágæða sjónvarps- og hljómtækjum en nokkru sinni fyrr. Mesta úrvalið er í búðinni í Lindum en einnig má finna mjög gott úrval í Skeifunni og á Granda.

Að sögn Sindra Snæs Thorlacius, vörustjóra á hljóð- og myndsviði ELKO, hefur úrvalið aldrei verið meira en þessa stundina. „Við bjóðum yfir 100 gerðir af sjónvörpum ásamt miklu úrvali af heimabíóum, hljóðstöngum, heyrnartólum, hátölurum og fleiri vörum. Við ákváðum auk þess að auka töluvert úrvalið í flestum vöruflokkum þegar við opnuðum nýja og endurbætta verslun í Lindum í júní.“

Sindri segir að það sé algengur misskilningur að ELKO bjóði einungis upp á ódýrari merki. Í dag sé þar að finna flestöll betri vörumerkin. „Í heyrnartólum hefur ELKO bætt við öllum helstu og flottustu vörumerkjum líkt og Audio Technica, AKG, Jays, Urbanears, Jaybird, dýrari týpum af Sony og Philips ásamt því góða úrvali sem við bjóðum af Sennheiser og Beats. Heyrnartól hafa stóraukið vinsældir sínar samhliða snjallsímum. Nú vilja flestir eiga góð heyrnartól og þá helst þráðlaus með Bluetooth-tækni sem er mjög góð viðbót í tækniflóruna.“

Einnig eru ferðahátalarar og aðrar Bluetooth-tengdar vörur komnar á flest heimili og er þróunin hröð í þeim flokki. Þar hefur ELKO bætt töluvert við úrvalið í merkjum eins og JBL, Marshall, HMDX Jam og Ultimate Ears svo að nokkur séu nefnd.


Við enduropnun verslunar ELKO í Lindum var úrval í heimahljóðkerfum einnig aukið til muna. „Við erum nú með mjög gott úrval af mögnurum, hágæða hátölurum ásamt skjávörpum sem mig grunar að fólk viti kannski ekki af.“

Gott úrval sjónvarpa

Sjónvörp eru með eftirsóttustu vörum í ELKO og er yfirlýst markmið að bjóða lægra verð en gengur og gerist. „Frá áramótum höfum við lækkað verð á sjónvörpum í þremur stórum skrefum og teljum okkur nú vera með lægra verð sem við styðjum með 30 daga verðvernd. Viðskiptavinir geta því verið öruggir með lægra verð í 30 daga eftir kaup, sama hvort ELKO lækkar verð eða einhver annar á markaðinum,“ segir Sindri.

Þegar gengið er inn í verslanir ELKO blasa við glæsilegir sjónvarpsveggir og eru sjónvörpin til í öllum stærðum og gerðum. „Vinsælustu merkin eru JVC í ódýrari sjónvörpum, Philips í millidýrum sjónvörpum en Samsung trónir á toppnum þegar kemur að dýrari tækjum. Samt sem áður hafa aðrir framleiðendur komið okkur skemmtilega á óvart í ár með góðum tækjum. Þar má helst nefna Panasonic, Sony, LG og Thomson.“

Sindri segir að spennandi nýjungar hafi litið dagsins ljós í ár. „Það sem stendur upp úr er hvað flest sjónvörpin eru komin með góðan hugbúnað og fjarstýringar fyrir snjallþáttinn í tækjunum. Nú eru komin Android- og Firefox-stýrikerfi í mörg tæki og fjarstýringarnar notaðar sem þráðlausar mýs í stað hnappa. Stærsta og flottasta nýjungin er OLED-tæknin sem kom fyrst til okkar frá LG í fyrra en núverandi kynslóð OLED-tækja er algjör bylting í myndgæðum. Einnig var að lenda hjá okkur 85“ Thomson-tæki sem stelur aldeilis athyglinni þar sem það þekur hátt í tvo fermetra af veggplássi. Við hvetjum fólk endilega til að svala forvitninni með því að kíkja á þessi tæki í Lindum og sjá hvernig sjónvörp framtíðarinnar líta út,“ segir Sindri.



„Við bjóðum yfir 100 gerðir af sjónvörpum ásamt miklu úrvali af heimabíóum, hljóðstöngum, heyrnartólum, hátölurum og fleiri vörum,“ segir Sindri Snæs Thorlacius, vörustjóri á hljóð- og myndsviði ELKO.

MYNDR/GVA



Hillur, fullar af þráðlausum, litríkum hátölurum.



Hægt er að prófa öll helstu heyrnartólin frá öllum helstu framleiðendum.

FRAMTÍÐIN ER NÚNA!

192 cm

118 cm

7,5 cm á þykkt

WiFi 3D **ULTRA HD**
Ultra High Definition

85"

THOMSON

LED SNJALLSJÓNVARP UHD

- Ultra HD – upplausn 3840x2160
- 100Hz panel
- 4xHDMI, SCART, Component, heyrnartólatengi, Optical, 3xUSB, Wifi
- 30W hátalarar
- Stafrænn móttakari – DVB-T2/C
- Gervihnattamóttakari – DVB-S2
- Active 3D - 2 gleraugu fylgja
- Smart TV

85UZ8876

999.995

eða 86.640 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 1.039.675 kr. - ÁHK 7,1%

QUAD CORE WiFi 1100Hz Samsung Curved UHD TV

55"

SAMSUNG

LED SNJALLSJÓNVARP UHD

- Boginn skjár
- Ultra HD – upplausn 3840x2160
- 1100Hz PDI
- 4xHDMI, 1xComponent, 1xOptical, heyrnartólatengi
- 3xUSB tengi fyrir myndbönd, tónlist og ljósmyndir
- Stafrænn móttakari – DVB-T2/C
- Gervihnattamóttakari – DVB-S2
- 40W hátalarar
- Smart TV með Quad Core örgjörva
- Bluetooth tenging

UE55JU6575XXE

349.995

eða 30.577 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 366.925 kr. - ÁHK 6,9%

LG OLED TV **ULTRA HD**
Ultra High Definition

55"

LG

OLED SNJALLSJÓNVARP

- LG Ultra HD OLED er lent í Elko! Óviðjafnanleg myndgæði, boginn og örþunnur skjár. TIL sýnis í ELKO verslunum í Lindum og Skeifum.

55EG960V

749.995

eða 65.077 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 789.925 kr. - ÁHK 7,3%

SENNHEISER

MOMENTUM HEYRNARTÓL

- 112dB
- 16-22.000Hz
- 2 útskiptanlegar snúrur fylgja
- 1,4 m snúra með hljóðnema og svarhnappi
- 1,4 m hefðbundin snúra
- 4 litir í boði

SEMOMENTUMON

Frábær hljómgæði

19.995

JBL

FERÐAHÁTALARI

- Bluetooth með NFC og 3,5 mm AUX tengi
- Hleðsluráfflaða – 10 klst. ending
- 2x45 mm hátalarar
- Innbyggður hljóðnemi

JBLFLIP3

4 litir

14.995

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN

PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS



HVAÐAN KOMA HLJÓÐIN?

Hljóðbrellur hafa verið notaðar í langan tíma, allt frá árdögum útvarps. Í útvarpsþáttum þess tíma var oft notuð mikil hljóðvinnsla þar sem hlustendur þurftu að notast við heyrn sína í stað sjónar til að lifa sig inn í sögurnar og góðar hljóðbrellur því nauðsynlegar til að segja söguna á lifandi og grípandi máta.

Með hágæða nútímahljóðkerfum eru kvikmyndir orðnar að veislu fyrir eyru sem augu. Á vefsíðunni Wonderopolis kemur fram að í stórmyndum dagsins í dag hafi hljóðbrellur færst á nýtt stig en gaman er að velta því fyrir sér hvernig hljóðin eru gerð. Til dæmis eru hljóðin í geislasverðunum í Star Wars-myndunum ekki úr framtíðinni heldur bjó hljóðhönnuðurinn þau til með því einfaldlega að berja hamri á málmvíra.

Að sama skapi eru hljóðin í risaöldunum í Jurassic Park augljóslega ekki raunveruleg því enginn veit hvernig þau hljómuðu. Hljóðhönnuðir þurftu því að búa til hljóð sem fólk fannst trúlegt að kæmu úr þessum grimmu skepnum.

Útkoman varð sú að „rödd“ T. Rex var blanda af hljóðum nokkurra raunverulegra dýra sem var stillt saman með tölvutækni. Andardráttur eðlunnar var í raun andardráttur hvals. Öskur hennar var blanda af öskri ljóna, krókódíla, tígrisdýra og fíla. Og rýtið í henni kom frá kóalabirni.

Af þessu má sjá að hljóð eiga sér ýmsan uppruna. Oft hafa þau ekkert með raunveruleikann að gera og með góðu ímyndunarafli og smávegis tölvukúntum geta hljóð borist í eyru kvikmyndahúsgesta sem þeir hefðu aldrei búist við að heyrja.



TÓNLISTIN SKAPAR STEMNINGUNA

Kvikmyndaátónlist spilar stórt hlutverk í upplifun áhorfandans. Hákarlinn í Jaws hefði líklega aldrei náð að hrella áhorfendur jafn mikið og raun ber vitni ef ekki væri fyrir hið frábæra stef sem John Williams samdi. Williams er heimsþekktur fyrir kvikmyndaátónlist sína en þeir eru fleiri sem hafa getið sér gott orð sem höfundar kvikmyndaátónlistar. Einn þeirra er Hans Zimmer. Hann á að baki glæstan feril. Tónlist hans má heyrja í myndum á borð við Pirates of the Caribbean, The Thin Red Line, Gladiator, The Last Samurai, Batmanþríleiknum, Inception og Interstellar.

Þá hlaut hann Óskarsverðlaun árið 1994 fyrir tónlistina í teiknimyndinni víðfrægu Lion King.



Hans Zimmer hlaut Óskarsverðlaun árið 1994 fyrir bestu kvikmyndaátónlistina í myndinni Lion King.



Stórleikir í Meistaradeild Evrópu í allan vetur


ALDREI FLEIRI BEINAR ÚTSENDINGAR
UM 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI



Bestast Evrópumeistararnir við stjórnum þrjútt lið Real Madrid um titilinn eða verða önnur lið með í baráttunni um spænska meistaratilinn?



Beinar útsendingar í Enska boltanum, bikarleikirnir og Messan með Hjörvari Hafliða



Frábær fótbolti í Evrópu deildinni




Sterkustu félagslið heims keppa í Meistaradeild Evrópu



Fylgstu með flottustu ökupörunum í Formúlunni



Tröllin takast á í NFL-deildinni



Besta boxið í beinni útsendingu



Ítalski boltinn – Serie A er á Stöð 2 Sport



Magnaður körfubolti, beinar útsendingar frá NBA-deildinni



Hörkuspennandi leikir í Domino's-deildinni



Besta frjálssípróttafólk heims verður í eldinni



Gunnar Nelson og allar hinar hetjurnar í UFC



Beinar útsendingar og úrslitin ráðast í Pepsi-deildinni

Sportpakinn inniheldur: Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, hliðarrásir, MUTV, LFC TV og Chelsea á 13.990 kr. á mán.

SPENNANDI VETUR Í SPORTINU



Allir finna sér ípróttaviðburði við hæfi á sportstöðvum okkar í vetur. Enski boltinn rúllar í beinni á Stöð 2 Sport 2 og hliðarrásur á meðan fjölbreytileikinn ræður ríkjum á Stöð 2 Sport. Með Sportpakka 365 tryggirðu þér skemmtilegan og viðburðaríkan ípróttavetur.



Með Sportpakkanum færðu **endalaust tal** og **10 GB** á **3.990 kr.**